



Alþingi, nefndarsvið
Kirkjustræti
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 20. mars 2019
R2019030014/12.8.4

Kt. 420169-3889

**Umsögn ríkisskattstjóra um tillögu til þingsályktunar um lágs-kattaríki.
149. löggjafarþing 2018-2019. Þingskjal 51 – 51. mál.**

Ríkisskattstjóra hefur þann 11. mars 2019 borist tölvupóstur frá nefndarsviði Alþingis þar sem embættinu er gefinn kostur á að veita umsögn um ofangreint þingmál.

Með tillögunni er lagt til að „*fela fjármála – og efnahagsráðherra að leggja á 150. löggjafarþingi fyrir Alþingi frumvarp þar sem:*

1. *skilgreining á lágs-kattaríki verði vikkuð út þannig að hún taki til ríkja og lögsagnarumdæma sem veita íslenskum stjórnvöldum að staðaldri ekki upplýsingar sem nauðsynlegar eru fyrir framkvæmd skattalöggjafar,*
2. *ráðherra verði falið að birta leiðbeinandi lista yfir ríki og lögsagnarumdæmi sem líkleg eru til að teljast lágs-kattaríki,*
3. *kveðið verði á um tilkynningarskyldu til skattýfirvalda um beina og óbeina eignarhlutdeild í lögaðilum í lágs-kattasvæðum, og*
4. *mælt verði fyrir um greiðslu eftirlitsgjalds í ríkissjóð vegna beinnar og óbeinnar eignarhlutdeildar í lögaðilum í lágs-kattaríkjum.“*

Þingsályktunartillagan er samhljóða tillögu til þingsályktunar sem ríkisskattstjóri veitti umsögn um hinn 14. mars 2018 (148. löggjafarþing 2017 – 2018. Þingskjal 266 – 192. mál).

Að mati ríkisskattstjóra er ástæða til að gera sérstakan greinarmun á því hvort almennt séu greiddir lágir eða engir skattar í tilteknu ríki annars vegar og hversu auðvelt sé að afla nauðsynlegra upplýsinga fyrir framkvæmd skattalöggjafar hins vegar. Þótt ógagnsæi og lítill samstarfsvilji kunni að einkenna lágs-kattaríki þá verður vart talið að það eitt að aðgengi að upplýsingum verði bætt breyti eðli viðkomandi ríkis sem lágs-kattaríkis. Þá er ekki loku fyrir það skotið að erfitt kunni að reynast að afla upplýsinga frá ríkjum sem ekki teljist til lágs-kattaríkja. Varhugavert er að flokka slík ríki með öðrum lágs-kattaríkjum þrátt fyrir vandkvæði við upplýsingaöflun. Eðlilegt kann þó að vera að brugðist sé við því í skattalöggjöf þegar illa gengur að afla nauðsynlegra upplýsinga.

Um tíma birti fjármálaráðuneytið svartan lista yfir lágs-kattaríki á vef ráðuneytisins í tengslum við framkvæmd ákvæðis 57. gr. a laga nr. 90/2003, um tekjuskatt. Fallið var frá því að birta slíkan lista og verður að telja að ástæðan hafi verið vandkvæði við að uppfæra hann, enda kallar það á umfangsmikla vinnu þar sem taka verður út skattareglur fjölmargra ríkja og bera þær saman við innlendar reglur. Í því sambandi er rétt að hafa í huga að slíkur listi felur



mögulega í sér nauðsyn á því að taka út skattareglur í ríkjum þar sem ekki eru til staðar lögaðilar í eigu íslenskra skattaðila.

Vakin er athygli á því að lagt hefur verið fram frumvarp um skattlagningu tekna erlendra lögaðila í lágskattaríkjum o.fl. (samsköttun, CFC-félög o.fl.), 433. þingmál, þar sem kveðið er á um tilkynningarskyldu til skattýfirvalda um beina og óbeina eignarhlutdeild í lögaðilum á lágskattasvæðum. Telja verður rétt að höfð verði hliðsjón af því frumvarpi bæði hvað varðar tilkynningarskyldu til skattýfirvalda sem og nauðsyn sérstakrar skilgreiningar á lágskattasvæðum og, eftir atvikum, útfærslu hennar.

Ítrekað er það sem fram kemur í umsögn ríkisskattstjóra hvað varðar fjórða lið, en ríkisskattstjóri hefur efasemdir um að rétt sé að leggja á slíkt eftirlitsgjald þar sem það geti verið til þess fallið að draga úr skilvirkni ákvæðisins.

Að öðru leyti en að framan greinir telur ríkisskattstjóri ekki ástæðu til frekari athugasemda.

Virðingarfyllst
f. h. ríkisskattstjóra

Ingvar J Rögnvaldsson

Ragnheiður Björnsdóttir